

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	08.05.2018
Málalýkill	00.44
Mál nr.	1805084

Bæjarstjórn Garðabæjar
v.t. Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari
Bæjarskrifstofur Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ, 4. maí 2018

**Efni: Ársreikningur Styrktarsjóðs Garðasóknar árið 2017.
Beiðni um árlegt framlag bæjarsjóðs Garðabæjar til sjóðsins fyrir árið 2018.**

Meðfylgjandi er áritað eintak af ársreikningi Styrktarsjóðs Garðasóknar fyrir rekstrarárið 2017 sem samþykktur var á aðalsafnaðarfundum Garðasóknar miðvikudaginn 2. maí 2018.

Heildarframlög bakhjarla sjóðsins námu 3.000.000 kr. á árinu og framlög einstaklinga 60.000 kr. Sjóðsstjórn ráðstafaði 3.483.700 kr. til styrkumsækjenda. Fjármagnstekjur jukust milli ára vegna betri ávöxtunar safna en árið á undan og námu 805.345 kr. Rekstrarafgangur var 315.711 kr., sem felur í sér að sjóðsstjórn fullnýtti heimildir til styrkveitinga á árinu.

Svipaður fjöldi styrkveitinga var á árinu 2017 líkt og fyrra ár, þó voru fleiri hærri styrkir veittir vegna erfiðleika sem skýrir hærri útgjöld. Sem fyrr var töluvert um beiðnir um skyndiaðstoð, sem eru lægri fjárhæðir á bilinu 10-20 þús. kr.

Aðalsafnaðarfundur samþykkti óbreytt framlag til Styrktarsjóðsins 1.300.000 kr. fyrir árið 2018. Garðabær leggur sjóðnum til sömu fjárhæð skv. samþykktum sjóðsins eða 1.300.000 kr.

Rétt er að geta þess að á aðalsafnaðarfundum var rætt að hækka framlag Garðasóknar á árinu 2019, líklega um 200-300.000 kr. og væri því rétt að hafa það í huga við gerð fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2019. Endanleg ákvörðun verður þó ekki tekin fyrr en á Aðalsafnaðarfundum vorið 2019.

Þess er óskað að framlag Garðabæjar fyrir árið 2018 verði greitt í september eða október inn á bankareikning sjóðsins hjá Arion Banka, reikn. nr. 0318-26-6501, kt. 650195-2139. Undirritaður veitir fúslega frekari upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Styrktarsjóðs Garðasóknar



Einar Farestveit, gjaldkeri